

Nd.

395. Nefndarálit

[117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta á sér engin fordæmi. Með því er lagt til, að stofnað verði við heimspekideild Háskóla Íslands nýtt prófessorsembætti í fræðigrein, sem ekki er akademísk; í annan stað er lagt til, að embættið sé tengt við nafn ákveðins manns án umsóknar og þeirrar könnunar, sem gert er ráð fyrir í lögum um Háskóla Íslands. Fráleitt virðist að hafa þennan hátt á, nema um málið sé almenn samstaða milli Alþingis og Háskóla Íslands. Nú er hins vegar komið í ljós, að svo er ekki; heimspekideild Háskóla Íslands hefur einróma lagzt gegn því, að þessi háttur verði á hafður. Í því sambandi er vert að minna á, að í 12. grein laga um Háskóla Íslands segir svo: „Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.“ Því verður að telja, að forsendurnar fyrir flutningi þessa máls séu brostnar, og hefði verið eðlilegast, að ríkisstjórnin drægi frumvarp sitt til baka. Sú virðist þó ekki vera ætlun ríkisstjórnarinnar, og leggjum við því til, að frumvarpið verði fellt.

Álitsgerð heimspekideildar Háskóla Íslands er prentuð með nefndaráliti meiri hlutans; hér er prentað sem fylgiskjal bréf frá stúdentaráði Háskóla Íslands sem vísbending um afstöðu háskólastudenta.

Alþingi, 24. marz 1969.

Magnús Kjartansson,      Sigurvin Einarsson.  
frsm.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 19. febrúar 1969.

Frumvarp liggur nú fyrir Alþingi þess efnis, að stofnað verði prófessorsembætti í ættfræði við H. Í. tengt nafni Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda, og skal prófessor sitja í heimspekideild.

Það er álit S. H. Í., að brýnni þörf sé á stofnun prófessorsembætta í ýmsum öðrum háskólagreinum en ættfræði, enda hefur H. Í. gert ítarlegar tillögur þar að lútandi. Þá bendir S. H. Í. á tillögur erfðafræðinefndar um stofnun prófessors-embættis í ættfræði við læknadeild í tengslum við erfðafræði.

S. H. Í. átelur þann hátt, sem hafður er á um stofnun þessa embættis. Ákveðnar reglur gilda um veitingu prófessorsembætta við H. Í., svo sem um skipun dómnefndar og álit viðkomandi háskóladeildar á hæfni umsækjanda til að gegna embættinu. Sé þess óskað að heiðra einhvern fræðimann með stofnun persónulegs prófessors-embættis, verður að teljast eðlilegt að leita umsagnar viðkomandi háskóladeildar.

Af ofangreindum ástæðum mælir S. H. Í. gegn því, að frumvarpið nái fram að ganga í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

f. h. S. H. Í.

Höskuldur Þráinsson,  
form.

Til: menntamálaráðuneytis  
alþingismanna  
háskólaráðs